

**Faxafloahafnir
annars vegar
og
Efling stéttarfélag
hins vegar gera með sér eftirfarandi**

SAMKOMULAG

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

**1. gr.
Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. apríl 2019 til 30. september 2023 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.
Launahækkanir**

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum, sjá nánar í fylgiskjali II:

Launatafla 1: Gildir frá 1. apríl 2019 til 31. mars 2020.

Launatafla 2: Gildir frá 1. apríl 2020 til 31. desember 2020.

Launatafla 3: Gildir frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2021.

Launatafla 4: Gildir frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2022.

Launatafla 5: Gildir frá 1. janúar 2023 til 30. september 2023.

Ofangreind breyting er færð í launatöflur sem eru hluti samnings þessa. Innágreiðsla eftir 1. apríl 2019 kemur til frádráttar hækkun frá 1. apríl 2019.

**3. gr.
Önnur laun er starfinu fylgja**

Ný grein bætist við kafla 1 sem hljóðar svo:

Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu. Önnur laun geta verið vegna reglubundinnar yfirvinnu og starfstengds álags sem ekki verður mælt í tíma. Önnur laun koma í stað yfirvinnukaups. Önnur laun fylgja hækkunum á launatöflu.

**4. gr.
Viðbótarlaun**

Ný grein um sérstaka tímabundna umbun bætist við kafla 1 sem hljóðar svo:

Heimilt er að greiða viðbótarlaun umfram reglubundin mánaðarlaun. Ákvörðun um greiðslu viðbótarlauna skal tekin af forstöðumanni. Greiða má viðbótarlaun í allt að sex mánuði en ef tilefni er til er heimilt að framlengja greiðslu þeirra um þrjá mánuði í senn en þó aldrei lengur en í tvö ár samfellt.

5. gr.

Mat á starfsaldri annarstaðar frá

Inn í grein 1.3.3.2 komi eftirfarandi ákvæði sem hljóðist svo:

Þá skal einnig metinn starfstími starfsmanns sem hefur verið á föstu mánaðarkaupi í sambærilegu starfi enda liggja staðfesting fyrri vinnuveitanda fyrir. Starfsmaður fær starfstíma hjá öðrum vinnuveitanda metinn frá og með næstu mánaðarmótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn um starfstíma sinn.

6 gr.

Ný gr. 1.3.3.4 tekur gildi frá 1. júní 2020 og verður svohljóðandi:

- 0.1.1.1 Persónuálag vegna viðbótarmenntunar
Menntun starfsmanns sem nýtist í starfi og er umfram grunnkröfur starfs skal metin til persónuálags þannig að:
Fyrir starfstengt nám eða námskeið sem sérsníðið er að þörfum Faxaflóahafna sf. komi að hámarki 1,5% persónuálag. Skilyrði þess er að námið sé kennt af fræðsluaðilum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.
Fyrir formlegt sérnám á framhaldsskólastigi komi að hámarki 1,5% persónuálag
Fyrir hverjar 60 ECTS einingar í háskólanámi á fagsviði komi 1,5% persónuálag
Persónuálag skv. þessari grein er að hámarki 6%.
Starfsmaður fær menntun sína metna frá og með næstu mánaðarmótum eftir að hann hefur lagt fram fullnægjandi gögn um námið. Við mat á námi eru einingar aldrei tvítaldar.
Nefnd sem skipuð skal tveimurfulltrúum frá hvorum samningsaðila skal fyrir 1. júní 2020 móta reglur og viðmiðanir um viðurkenndar einingar sem leggja skal til grundvallar menntun og endurmenntun sbr. bókun 6 með samningi þessum. Nefndin hafi einnig umsjón og úrskurðarvald um mat á námskeiðum og öðru námi sem til álita kemur að fella undir þessa grein. Hún skal miða við nám sem fullvíst má telja að nýtist starfsmönnum í starfi.

Skýring: Grein 1.3..3.4. á við um menntun sem starfsmaður hefur umfram þær menntunarkröfur sem gerðar eru í starfi. Starfsmaður í starfi sem krefst háskólamenntunar ávinnur sér ekki persónuálag skv. gr. 1.3..3.4.

7. gr.

Persónuuppbot

Persónuuppbot (desemberuppbot) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2019	105.900
Á árinu 2020	108.600
Á árinu 2021	111.300
Á árinu 2022	114.000

Starfsmaður sem er við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar skal fá greidda persónuuppbot 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Persónuuppbot er föst krónutala og tekur ekki hækkunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamningsins. Á persónuuppbot reiknast ekki orlofsfé. Hafi starfsmaðurinn gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili. Á sama hátt skal einnig starfsmaður sem látið hefur af starfi en starfað hefur samfellt í a.m.k. 3 mánuði (13 vikur) á árinu, fá greidda persónuuppbot, miðað við starfstíma og starfshlutfall. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu fyrirtækis lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs. Áunnin persónuuppbot skal gerð upp samhliða starfslokum.

8. gr. Vinnutími

Vinnuvika starfsmanns í fullu starfi er 40 stundir nema um skemmri vinnutíma sé sérstaklega samið. Sjá fylgiskjal 1

2.1.4. Frí dagar:

Aðilar eru sammála um að 1. maí verði stórhátíðardagur.

2.3.3.1. Um útköll

Aðilar eru sammála um að 3 klst. breytist í 4 klst.

2.3.7. Ef útkall raskar ró starfsmanns á tímabilinu frá kl. 00:00 til 06:00 er afturkallað skal greiða starfsmanni yfirvinnukaup fyrir tvær klukkustundir. Ef starfsmaður er kallaður út á þessu tímabili en útkalli seinkað um 2 klst. eða meira, þá skal greiða starfsmanni yfirvinnukaup fyrir tvær klukkustundir vegna seinkunarinnar.

2.4.5 Frítökuréttur.

Grein 2.4.5.6 breytist og verður þannig:

Uppsafnaður frítökuréttur skal koma fram á launaseðli eða tímaskráningarkerfi og skal frítökuréttur veittur í hálfum eða heilum dögum.

9. gr. Orlof

4. kafli breytist frá 1. maí 2020 og verður svo hljóðandi:

4.1 Lengd orlofs

4.1.1 Orlof skal vera 30 dagar miðað við fullt starf. Ávinnsla orlofs skal vera hlutfallsleg miðað við starfstíma starfsmanns.

4.2 Orlofsfé og orlofsuppbót

4.2.1 Starfsmaður skal fá 13,04% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur skv. samningi þessum.

4.2.2 Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2019	50.000 kr.
Á árinu 2020	51.000 kr.
Á árinu 2021	52.000 kr.
Á árinu 2022	53.000 kr.
Á árinu 2023	54.300 kr.

Hinn 1. júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hafi starfsmaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða/13 vikna samfellt starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé. Áunnin orlofsuppbót skal gerð upp samhliða starfslokum.

4.3 Orlofsárið

4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

4.3.2 Ef breytingar verða á starfshlutfalli á orlofsárinu þarf að taka tillit til þess í launaútreikningi við töku orlofsins.

4.4 Sumarorlof

4.4.1 Tímabil sumarorlofs er frá 15. maí til 30. september.

4.4.2 Starfsmaður á rétt á að fá samfellt 20 daga orlof á sumarorlofstímabilinu, verði því við komið vegna starfa fyrirtækis.

4.5 Ákvörðun orlofs

4.5.1 Yfirmaður ákveður, í samráði við starfsmann, hvenær orlof skuli veitt. Yfirmanni er skylt að verða við óskum starfsmanna um hvenær orlof skuli veitt enda verði því við komið vegna starfsemi stofnunar. Ákvörðun um sumarorlof skal liggja fyrir 31. mars og tilkynnt starfsmanni með sannanlegum hætti, svo sem í tímaskráningarkerfi stofnunar, nema sérstakar aðstæður hamli. Vetrarorlof skal ákvarðað með minnst eins mánaðar fyrirvara.

4.5.2 Sé orlof eða hluti orlofs tekið eftir að sumarorlofstímabili skal sá hluti orlofsins lengjast um 25%. Það sama gildir um orlof sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil samkvæmt beiðni fyrirtækis eða að fengnu samþykki yfirmanns.

4.6 Frestun orlofs

4.6.1 Flutningur orlofs milli ára er óheimill, sbr. þó grein 4.6.2 og 4.6.3.

4.6.2 Ef starfsmaður tekur ekki orlof eða hluta af orlofi, að skriflegri beiðni yfirmanns, getur orlofið geymst til næsta orlofsárs, enda hafi starfsmaður ekki lokið orlofstöku á orlofsárinu. Sama gildir um starfsmann í fæðingarorlofi. Hámark uppsafnaðs orlofs getur aldrei orðið meira en 60 dagar.

Upplýsingar um stöðu þegar áunnins og ótekens orlofs skulu vera starfsmönnum aðgengilegar í tímaskráningarkerfi stofnunar.

4.6.3 Veikist starfsmaður í orlofi, telst sá tími sem veikindum nemur ekki til orlofs, enda sanni starfsmaður með læknisvottorði að hann geti ekki notið orlofs.

Tilkynna skal yfirmanni án tafar með sannanlegum hætti ef um veikindi eða slys í orlofi er að ræða.

Í slíkum tilvikum er heimilt að flytja ótekið orlof til næsta árs.

4.6.4 Komi starfsmaður úr öðru starfi án þess að hafa þar notið áunnins orlofs, þá á hann rétt á launalausum orlofi þar til 30 daga orlofi er náð.

4.6.5 Hafi starfsmaður sem átti gjaldfallið orlof þann 1. maí 2020, allt að 60 dagar, ekki nýtt þá daga fyrir 30. apríl 2023, falla þeir dagar niður sem eftir standa.

4.7 Áunninn orlofsréttur

4.7.1 Greiða skal dánarbúi áunninn orlofsrétt látins starfsmanns.

10. grein

Kafli 9.2 um launað námsleyfi breytist verður svo hljóðandi:

9.2 Launuð námsleyfi

9.2.1 Starfsmaður sem unnið hefur í fjögur ár hjá Faxaflóahöfnum á rétt á leyfi til að stunda endurmenntun/framhaldsnám enda sé það í samræmi við endurmenntunar-/starfsþróunaráætlun Faxaflóahafna eða starfsmanns sé hún til staðar.

9.2.2 Starfsmaður ávinnur sér tveggja vikna leyfi á hverju ári. Þó getur uppsafnaður réttur aldrei orðið meiri en 6 mánuðir og greiðist ekki út við starfslok.

9.2.3 Í námsleyfinu skal starfsmaður halda reglubundnum launum sbr. skilgreiningu í gr. 14.2.7.

- 9.2.4 Heimilt er að veita skemmri eða lengri námsleyfi á skemmra eða lengra árabili. Heimilt er að greiða ferða- og dvalarkostnað samkvæmt 5. kafla.
- 12.3.5 Starfsstað er heimilt að takmarka þann fjölda sem nýtir sér þennan rétt við 10% á ári, annað hvort miðað við fjölda vikna eða fjölda starfsmanna sem nýtir sér leyfið, ef aðsókn verður það mikil að það valdi erfiðleikum í rekstri á viðkomandi starfsstað.

11. grein

Breyting á gr. 14.8.1

Nýta má að hluta eða að öllu leyti framangreindan rétt vegna barna undir 18 ára aldri í alvarlegum tilvikum sem leiða til sjúkrahúsvistar.

12. gr.

Til 31. mars 2020 er eftirfarandi röðun í launaflokka lögð til grundvallar:

Starfsheiti	Efling
Hafnarverkamaður I	511
Hafnarverkamaður II	514
Bílstjóri, vélamaður	515

Frá 1. apríl 2020 er eftirfarandi röðun í launaflokka lögð til grundvallar:

Starfsheiti	Efling
Hafnarverkamaður	516
Bílstjóri, vélamaður	517

13. gr.

Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur

Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum þeirra skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.

Verði kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er hvorum samningsaðila heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Aðilar eru sammála um að færa áorðnar breytingar inn í heildarsamning aðila frá árinu 2011 fyrir 1. júní 2020.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp á lögformlegan hátt til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16.00 þann 15. maí 2020 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 30. apríl 2020

Með fyrirvara um
samþykki stjórnar Faxaflóahafna

Efling stéttarfélag
Með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að ákvæði kjarasamnings sem fela í sér heimild til undanþágu starfsmanna er náð hafa 55 ára aldri frá næturvöktum og/eða bakvöktum, ef þeir óska þess, feli ekki í sér brot gegn lögum nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Hið sama á við um ákvæði um lengri uppsagnarfrest fyrir starfsmenn 55 ára og eldri sem hafa starfað í a.m.k. 10 ár samfellt hjá sömu stofnun.

Við vissar aðstæður getur mismunandi meðferð vegna aldurs verið réttlæt看leg þegar færð eru fyrir henni málefnaleg rök sem helgast af lögmætu markmiði, þ.m.t. stefnu í atvinnumálum eða öðrum markmiðum er varða vinnumarkað, að gættu meðalhófi. Með kjarasamningsbundnum ákvæðum um undanþágu frá næturvöktum og bakvöktum eftir tiltekinn aldur er verið að horfa til þeirra sjónarmiða sem rannsóknir hafa sýnt fram á að það verði erfiðara fyrir starfsfólk eftir því sem það eldist að sinna næturvöktum þar sem það taki lengri tíma að jafna sig líkamlega vegna samspils milli vinnufyrirkomulags, svefns og dægursveiflu. Ákvæði um lengri uppsagnarfrest með hækkandi lífaldri byggja á þeim sjónarmiðum að þegar stutt er í starfslok getur starfsfólk átt erfiðara með að finna aðra vinnu við hæfi. Evrópudómstóllinn hefur gefið aðildarríkjum nokkuð svigrúm til að ákveða að hvaða markmiðum skuli stefnt og hvaða aðgerðir séu heppilegar til að ná því markmiði. Samningsaðilar eru sammála um að markmiðin að baki þessum ákvæðum eru málefnaleg og ganga ekki lengra en nauðsynlegt er.

Bókun 2

Samningsaðilar eru sammála um að viðverustefna sem stuðlar að snemmbæru inngripi getur komið í veg fyrir langtímaveikindi og jafnvel örorku á síðari stigum. Að sama skapi þarf að auka möguleika starfsmanna til aðlögunar á vinnustað eftir langtímaveikindi og við endurkomu á vinnustað eftir starfsendurhæfingu. Við endurskoðun veikindakaflans verði meðal annars hugað að sameiginlegri skilgreiningu á hugtökunum langtíma- og skammtímaveikindi og framkvæmd talningar veikindadaga samræmd.

Með þessi markmið að leiðarljósi verður unnið að endurskoðun 12. kafla á samningstímanum. Vinna við endurskoðun 12. kafla hefst 17. ágúst 2021 og gert er ráð að henni ljúki eigi síðar en 1. maí 2022.

Bókun 3

Launabróunartrygging

Stefnt er að upptöku launabróunartryggingar milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins með aðild ASÍ. Launabróunartryggingu er ætlað að tryggja að launabróun sé að jafnaði svipuð hjá opinberum starfsmönnum og á almennum vinnumarkaði og er þannig ætlað að tryggja að opinberir starfsmenn haldi í við almenna launabróun á samningstímanum

Bókun 4

Viðbótarmenntun

Aðilar eru sammála um að endurskoða gr. 1.3.2 3 og bókun 5 (frá árinu 2015) kjarasamnings með sérstaka áherslu á símenntun og viðbótarmenntun og kortleggja námsframboð sem þeim stendur til boða. Samningsaðilar útfærir hvernig það verður gert.

Aðilar eru sammála um að við endurskoðun gr. 1.3.2 verði horft til fjölda símenntunareininga en ein símenntunareining jafngildir 18 til 24 klukkustunda vinnu skv. skilgreiningu Iðunnar fræðsluseturs) og tekið mið af námskeiðum hjá Iðunni fræðslusetri og/eða fræðsluaðilum sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Vinnu þessari skal lokið fyrir 1. júní 2020 og gildir breytt grein 1.3.2.3 gildir frá þeim tíma með áorðnum breytingum.

Horfa skal til sambærilegs mats hjá Reykjavíkurborg fyrir háskólamenntaða starfsmenn.

BÓKUN5

Hagvaxtarauki

Komi til greiðslu launaauka í samræmi við ákvæði um hagvaxtarauka í lífskjarasamningi SA og ASÍ með gildistíma 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022 á almennum vinnumarkaði, skal slík greiðsla einnig koma til framkvæmdar hjá starfsmönnum sveitarfélaga. Sjá ákvæði lífskjarasamnings um hagvaxtarauka í fylgiskjali III.

BÓKUN6

Samkomulag um útfærslu vinnutíma vaktavinnufólks

Starfsmenn Faxaflóahafna sem eru félagsmenn í Eflingu – stéttarfélagi hafa ekki verið í vaktavinnu um langt skeið og ekki er fyrirhugað að taka upp vaktavinnu þar. Ef til þess kemur eru aðilar sammála um að fylgiskjal 2 um samkomulag um útfærslu vinnutíma vaktavinnufólks sem samið var um á milli Eflingar og Reykjavíkurborgar dags 10. mars 2020 gildi.

Fylgiskjal I: Samkomulag um útfærslu vinnutíma

Samningsaðilar eru sammála um að ná megi fram gagnkvæmum ávinningi starfsfólks og Faxaflóahafna með betri vinnutíma. Markmið breytinganna er að bæta vinnustaðameningu og nýtingu vinnutíma, auka skilvirkni, bæta gæði þjónustu, tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika og stuðla þannig að bættum lífskjörum og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Með sérstöku samkomulagi meirihluta starfsfólks Faxaflóahafna um aðlögun vinnutíma að þörfum starfsstaðar og starfsfólks, með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur starfsstað sérstöðu, er heimilt að stytta vinnuvikuna um allt að 4 stundir á viku, í allt að 36 virkar vinnustundir. Samhliða því verður grein 3.1. í kjarasamningi óvirk. Niðurstöður viðræðna geta einnig verið á þá leið að óbreytt vinnufyrirkomulag henti best miðað við ofangreindar forsendur.

Aðilar samnings þessa skulu tilnefna einn aðila hver sem á grundvelli ofangreinds ræði mögulegar leiðir í styttingu vinnutíma auk fulltrúa annarra stéttarfélaganna starfsmanna Faxaflóahafna sf. Í viðræðum verða gerðar tillögur um skipulag vinnunnar og fyrirkomulag hléa, þar sem starfsfólki er gefinn kostur á að nærast. Ef starfsmenn eru með bundna viðveru skal lögð fram sérstök tillaga um skipulag vinnutíma þeirra. Gert er ráð fyrir að niðurstaða samtals liggji fyrir 1. október 2020 og að nýtt fyrirkomulag vinnutíma taki gildi eigi síðar en 1. janúar 2021.

Þegar niðurstaða um skipulag vinnutíma liggur fyrir skal vinnutímasamkomulag annars vegar borið undir atkvæði þeirra sem starfa hjá Faxaflóahöfnum og hins vegar skal fá staðfestingu Faxaflóahafna. Afrit af samkomulaginu skal senda til Faxaflóahafna og heildarsamtaka launafólks.

Náist ekki samkomulag um breytt skipulag vinnutíma styttest vinnutími starfsfólks sem nemur 13 mínútum á dag. Tilkynning um árangurslaust samtal skal send Faxaflóahöfnum og hlutaðeigandi heildarsamtökum launafólks. Í framhaldi af tilkynningu um árangurslaust samtal munu Faxaflóahafnir kalla saman innleiðingarhópin sem hefur m.a. það hlutverk að aðstoða starfsfólk og stjórnendur sviða/starfsstaða við að ná fram gagnkvæmum ávinningi með breyttu skipulagi vinnutíma.

Þessi breyting á skipulagi vinnutíma á ekki að leiða til breytinga á launum eða launakostnaði sviða/starfsstaða. Jafnframt er forsenda breytinganna að starfsemi sviða/starfsstaða raskist ekki og að opinber þjónusta sé af sömu eða betri gæðum og áður.

Á gildistíma kjarasamnings skulu af hálfu innleiðingarhópsins framkvæmdar reglulegar mælingar á áhrifum vinnutímabreytinganna á starfsfólk og starfsemi sviða/starfsstaða. Fyrir lok samningstímans skulu aðilar leggja sameiginlegt mat á áhrif breytinganna og hvort núverandi framsetning á ákvæðum vinnutíma í kjarasamningi falli best að framtíðar skipulagi og starfsumhverfi Faxaflóahafna.

Dæmi um útfærslu styttingar vinnutíma

I. Hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnutímanum og eru því ekki á forræði starfsmannsins. Skipulagið gerir ráð fyrir að samfella sé í vinnudeginum.

- *Dagleg stytting*
 - Hver vinnudagur stytur í upphafi eða lok dags og hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnutímanum.
Dæmi: Vinnutími kl. 8 -15:12.
- *Vikuleg stytting*
 - Samfelld stytting tekin út á einum vinnudegi í viku og hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnutímanum.
Dæmi: Starfsmaður vinnur kl. 8-16 fjóra daga vikunnar en einn dag í viku er vinnutíminn kl. 8-12.
- *Hálfs mánaðarleg stytting*
 - Samfelld stytting tekin út sem frídagur hálfsmánaðarlega og hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnudeginum.
Dæmi: Starfsmaður vinnur níu daga frá kl. 8-16 en er í fríi tíunda vinnudaginn.

II. Stytting vinnutíma um 13 mínútur á dag eða 65 mínútur á viku. Neysluhlé teljast ekki til vinnutíma þar sem þau eru á forræði starfsmanns til ráðstöfunar að vild.

- *Dagleg stytting*
- Hver vinnudagur stytur í upphafi eða lok dags og hefðbundin neysluhlé s.s. 35 mín í matartíma er ekki hluti af vinnudeginum.
Dæmi: Vinnutími kl. 8:00-15:47.

- *Vikuleg stytting*
- Samfelld stytting tekin út á einum vinnudegi í viku og hefðbundin neysluhlé s.s. 35 mín í matartíma er ekki hluti af vinnudeginum.
Dæmi: Starfsmaður byrjar kl. 8-16 fjóra daga vikunnar en einn dag í viku er vinnutíminn kl. 8:00-14:55.

- *Hálfs mánaðarleg stytting*
- Samfelld stytting tekin út sem frídagur hálfsmánaðarlega og hefðbundin neysluhlé s.s. 35 mín í matartíma er ekki hluti af vinnudeginum.
Dæmi: Starfsmaður vinnur níu daga frá kl. 8-16 en tíunda daginn frá kl. 8-13:50.

FYLGISKJAL II: HAGVAXTARAUKI Í LÍFSKJARASAMNINGI 2019-2022

Á árunum 2020-2023 komi til framkvæmdar launaauki á grundvelli þróunar vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa.

Útreikningur launaaukans byggir á bráðbirgðatölum Hagstofu Íslands um vísitölu vergrar landsframleiðslu á mann sem birtast í byrjun mars ár hvert fyrir næstliðið ár.

Launaaukinn bætist við mánaðarlaunataxta kjarasamninga og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Neðangreind tafla sýnir fjárhæð launaaukans og forsendur hans.

Verg landsframleiðsla á hvern íbúa, hækkun milli ára	Launaauki á mánaðarlaunataxta kjarasamninga	Launaauki á föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu
1,0 - 1,50%	3.000 kr.	2.250 kr.
1,51 - 2,00%	5.500 kr.	4.125 kr.
2,01 - 2,50%	8.000 kr.	6.000 kr.
2,51 - 3,00%	10.500 kr.	7.875 kr.
> 3,0%	13.000 kr.	9.750 kr.

Við ákvörðun launaaukans vegna áranna 2019-2022, sem koma til framkvæmdar árin 2020-2023, skal taka tillit til uppfærðrar bráðbirgðatalna fyrir þau ár sem lögð hafa verið til grundvallar við útreikning launaaukans. Launaaukinn greiðist 1. maí.

Launa- og forsendunefnd aðila ákvarðar fjárhæð launaaukans verði tilefni til greiðslu hans.

Fylgiskjal II: Launatöflur:

Launatafla frá 1. apríl 2019 með 17 þkr. hækkun

	Grunnlaun	1. ár	3. ár	5. ár	7. ár	9. ár	12. ár
510	324.568	329.437	334.378	339.394	344.485	349.652	354.897
511	329.182	334.120	339.131	344.218	349.382	354.622	359.942
512	333.865	338.873	343.956	349.115	354.352	359.667	365.062
513	338.618	343.697	348.852	354.085	359.396	364.787	370.259
514	343.442	348.593	353.822	359.130	364.517	369.984	375.534
515	348.338	353.564	358.867	364.250	369.714	375.259	380.888
516	353.309	358.608	363.987	369.447	374.989	380.614	386.323
517	358.353	363.728	369.184	374.722	380.343	386.048	391.839
518	363.473	368.926	374.459	380.076	385.777	391.564	397.438
519	368.671	374.201	379.814	385.511	391.294	397.163	403.120
520	373.946	379.555	385.248	391.027	396.892	402.846	408.888
521	379.300	384.989	390.764	396.626	402.575	408.614	414.743
522	384.734	390.505	396.363	402.308	408.343	414.468	420.685
523	390.250	396.104	402.046	408.076	414.197	420.410	426.717
524	395.849	401.787	407.814	413.931	420.140	426.442	432.839
525	401.532	407.555	413.668	419.873	426.171	432.564	439.052
526	407.300	413.409	419.610	425.905	432.293	438.778	445.359
527	413.154	419.352	425.642	432.027	438.507	445.085	451.761
528	419.097	425.383	431.764	438.240	444.814	451.486	458.258
529	425.128	431.505	437.978	444.547	451.215	457.984	464.853
530	431.250	437.719	444.285	450.949	457.713	464.579	471.547
531	437.464	444.026	450.686	457.446	464.308	471.273	478.342
532	443.771	450.427	457.184	464.041	471.002	478.067	485.238
533	450.172	456.925	463.779	470.735	477.796	484.963	492.238
534	456.670	463.520	470.473	477.530	484.693	491.963	499.343
535	463.265	470.214	477.267	484.426	491.692	499.068	506.554
536	469.959	477.008	484.163	491.426	498.797	506.279	513.873
537	476.753	483.905	491.163	498.531	506.009	513.599	521.303
538	483.650	490.904	498.268	505.742	513.328	521.028	528.843
539	490.649	498.009	505.479	513.061	520.757	528.569	536.497
540	497.754	505.220	512.799	520.491	528.298	536.222	544.266
541	504.965	512.540	520.228	528.031	535.952	543.991	552.151
542	512.285	519.969	527.769	535.685	543.720	551.876	560.154
543	519.714	527.510	535.422	543.454	551.606	559.880	568.278
544	527.255	535.164	543.191	551.339	559.609	568.003	576.523
545	534.909	542.932	551.076	559.342	567.733	576.248	584.892
546	542.677	550.817	559.080	567.466	575.978	584.618	593.387
547	550.562	558.821	567.203	575.711	584.347	593.112	602.009
548	558.566	566.944	575.448	584.080	592.841	601.734	610.760
549	566.689	575.190	583.818	592.575	601.463	610.485	619.643
550	574.935	583.559	592.312	601.197	610.215	619.368	628.658
551	583.304	592.053	600.934	609.948	619.097	628.384	637.809
552	591.798	600.675	609.685	618.831	628.113	637.535	647.098
553	600.420	609.427	618.568	627.846	637.264	646.823	656.525
554	609.172	618.309	627.584	636.997	646.552	656.251	666.094
555	618.054	627.325	636.735	646.286	655.980	665.820	675.807

Launatafla frá 1. apríl 2020 með 24 þkr. hækkun

	Grunnlaun	1. ár	3. ár	5. ár	7. ár	9. ár	12. ár
510	348.568	353.797	359.104	364.490	369.958	375.507	381.140
511	353.182	358.480	363.857	369.315	374.854	380.477	386.184
512	357.865	363.233	368.681	374.211	379.824	385.522	391.305
513	362.618	368.057	373.578	379.181	384.869	390.642	396.502
514	367.442	372.953	378.548	384.226	389.989	395.839	401.777
515	372.338	377.924	383.592	389.346	395.186	401.114	407.131
516	377.309	382.968	388.713	394.543	400.462	406.468	412.565
517	382.353	388.088	393.910	399.818	405.816	411.903	418.082
518	387.473	393.286	399.185	405.173	411.250	417.419	423.680
519	392.671	398.561	404.539	410.607	416.766	423.018	429.363
520	397.946	403.915	409.974	416.123	422.365	428.700	435.131
521	403.300	409.349	415.490	421.722	428.048	434.468	440.985
522	408.734	414.865	421.088	427.405	433.816	440.323	446.928
523	414.250	420.464	426.771	433.173	439.670	446.265	452.959
524	419.849	426.147	432.539	439.027	445.613	452.297	459.081
525	425.532	431.915	438.394	444.969	451.644	458.419	465.295
526	431.300	437.769	444.336	451.001	457.766	464.632	471.602
527	437.154	443.712	450.367	457.123	463.980	470.939	478.003
528	443.097	449.743	456.489	463.337	470.287	477.341	484.501
529	449.128	455.865	462.703	469.644	476.688	483.838	491.096
530	455.250	462.079	469.010	476.045	483.186	490.434	497.790
531	461.464	468.386	475.411	482.543	489.781	497.127	504.584
532	467.771	474.787	481.909	489.138	496.475	503.922	511.481
533	474.172	481.285	488.504	495.832	503.269	510.818	518.480
534	480.670	487.880	495.198	502.626	510.165	517.818	525.585
535	487.265	494.574	501.992	509.522	517.165	524.923	532.796
536	493.959	501.368	508.889	516.522	524.270	532.134	540.116
537	500.753	508.265	515.889	523.627	531.481	539.453	547.545
538	507.650	515.264	522.993	530.838	538.801	546.883	555.086
539	514.649	522.369	530.205	538.158	546.230	554.423	562.740
540	521.754	529.580	537.524	545.587	553.771	562.077	570.508
541	528.965	536.900	544.953	553.128	561.425	569.846	578.394
542	536.285	544.329	552.494	560.781	569.193	577.731	586.397
543	543.714	551.870	560.148	568.550	577.078	585.734	594.520
544	551.255	559.524	567.916	576.435	585.082	593.858	602.766
545	558.909	567.292	575.802	584.439	593.205	602.103	611.135
546	566.677	575.177	583.805	592.562	601.451	610.472	619.629
547	574.562	583.181	591.929	600.807	609.820	618.967	628.251
548	582.566	591.304	600.174	609.176	618.314	627.589	637.003
549	590.689	599.550	608.543	617.671	626.936	636.340	645.885
550	598.935	607.919	617.037	626.293	635.687	645.223	654.901
551	607.304	616.413	625.659	635.044	644.570	654.239	664.052
552	615.798	625.035	634.411	643.927	653.586	663.390	673.340
553	624.420	633.787	643.293	652.943	662.737	672.678	682.768
554	633.172	642.669	652.309	662.094	672.025	682.106	692.337
555	642.054	651.685	661.460	671.382	681.453	691.675	702.050

Launatafla frá 1. janúar 2021 með 24 þkr. hækkun

	Grunnlaun	1. ár	3. ár	5. ár	7. ár	9. ár	12. ár
510	372.568	378.157	383.829	389.587	395.430	401.362	407.382
511	377.182	382.840	388.582	394.411	400.327	406.332	412.427
512	381.865	387.593	393.406	399.308	405.297	411.377	417.547
513	386.618	392.417	398.303	404.278	410.342	416.497	422.744
514	391.442	397.313	403.273	409.322	415.462	421.694	428.019
515	396.338	402.284	408.318	414.443	420.659	426.969	433.374
516	401.309	407.328	413.438	419.640	425.934	432.323	438.808
517	406.353	412.448	418.635	424.915	431.288	437.758	444.324
518	411.473	417.646	423.910	430.269	436.723	443.274	449.923
519	416.671	422.921	429.264	435.703	442.239	448.873	455.606
520	421.946	428.275	434.699	441.219	447.838	454.555	461.374
521	427.300	433.709	440.215	446.818	453.520	460.323	467.228
522	432.734	439.225	445.814	452.501	459.288	466.178	473.170
523	438.250	444.824	451.496	458.269	465.143	472.120	479.202
524	443.849	450.507	457.264	464.123	471.085	478.152	485.324
525	449.532	456.275	463.119	470.066	477.117	484.273	491.538
526	455.300	462.129	469.061	476.097	483.239	490.487	497.844
527	461.154	468.072	475.093	482.219	489.452	496.794	504.246
528	467.097	474.103	481.215	488.433	495.759	503.196	510.744
529	473.128	480.225	487.428	494.740	502.161	509.693	517.339
530	479.250	486.439	493.735	501.141	508.658	516.288	524.033
531	485.464	492.746	500.137	507.639	515.254	522.982	530.827
532	491.771	499.147	506.634	514.234	521.947	529.777	537.723
533	498.172	505.645	513.230	520.928	528.742	536.673	544.723
534	504.670	512.240	519.923	527.722	535.638	543.673	551.828
535	511.265	518.934	526.718	534.619	542.638	550.777	559.039
536	517.959	525.728	533.614	541.618	549.743	557.989	566.359
537	524.753	532.625	540.614	548.723	556.954	565.308	573.788
538	531.650	539.624	547.719	555.934	564.273	572.738	581.329
539	538.649	546.729	554.930	563.254	571.703	580.278	588.982
540	545.754	553.940	562.249	570.683	579.243	587.932	596.751
541	552.965	561.260	569.679	578.224	586.897	595.701	604.636
542	560.285	568.689	577.219	585.878	594.666	603.586	612.640
543	567.714	576.230	584.873	593.646	602.551	611.589	620.763
544	575.255	583.884	592.642	601.531	610.554	619.713	629.008
545	582.909	591.652	600.527	609.535	618.678	627.958	637.377
546	590.677	599.537	608.530	617.658	626.923	636.327	645.872
547	598.562	607.541	616.654	625.904	635.292	644.822	654.494
548	606.566	615.664	624.899	634.273	643.787	653.444	663.245
549	614.689	623.910	633.268	642.767	652.409	662.195	672.128
550	622.935	632.279	641.763	651.389	661.160	671.078	681.144
551	631.304	640.773	650.385	660.141	670.043	680.093	690.295
552	639.798	649.395	659.136	669.023	679.059	689.244	699.583
553	648.420	658.147	668.019	678.039	688.210	698.533	709.011
554	657.172	667.029	677.035	687.190	697.498	707.960	718.580
555	666.054	676.045	686.186	696.478	706.926	717.529	728.292

Launatafla frá 1. janúar 2022 með 25 þkr. hækkun

	Grunnlaun	1. ár	3. ár	5. ár	7. ár	9. ár	12. ár
510	397.568	403.532	409.585	415.729	421.965	428.294	434.718
511	402.182	408.215	414.338	420.553	426.861	433.264	439.763
512	406.865	412.968	419.162	425.450	431.831	438.309	444.883
513	411.618	417.792	424.059	430.420	436.876	443.429	450.080
514	416.442	422.688	429.029	435.464	441.996	448.626	455.356
515	421.338	427.659	434.073	440.585	447.193	453.901	460.710
516	426.309	432.703	439.194	445.782	452.468	459.255	466.144
517	431.353	437.823	444.391	451.057	457.823	464.690	471.660
518	436.473	443.021	449.666	456.411	463.257	470.206	477.259
519	441.671	448.296	455.020	461.845	468.773	475.805	482.942
520	446.946	453.650	460.455	467.361	474.372	481.487	488.710
521	452.300	459.084	465.971	472.960	480.055	487.255	494.564
522	457.734	464.600	471.569	478.643	485.823	493.110	500.507
523	463.250	470.199	477.252	484.411	491.677	499.052	506.538
524	468.849	475.882	483.020	490.265	497.619	505.084	512.660
525	474.532	481.650	488.875	496.208	503.651	511.206	518.874
526	480.300	487.504	494.817	502.239	509.773	517.419	525.181
527	486.154	493.447	500.848	508.361	515.986	523.726	531.582
528	492.097	499.478	506.970	514.575	522.293	530.128	538.080
529	498.128	505.600	513.184	520.882	528.695	536.625	544.675
530	504.250	511.814	519.491	527.283	535.193	543.220	551.369
531	510.464	518.121	525.892	533.781	541.788	549.914	558.163
532	516.771	524.522	532.390	540.376	548.482	556.709	565.059
533	523.172	531.020	538.985	547.070	555.276	563.605	572.059
534	529.670	537.615	545.679	553.864	562.172	570.605	579.164
535	536.265	544.309	552.473	560.761	569.172	577.710	586.375
536	542.959	551.103	559.370	567.760	576.277	584.921	593.695
537	549.753	558.000	566.370	574.865	583.488	592.240	601.124
538	556.650	564.999	573.474	582.076	590.808	599.670	608.665
539	563.649	572.104	580.686	589.396	598.237	607.210	616.319
540	570.754	579.315	588.005	596.825	605.778	614.864	624.087
541	577.965	586.635	595.434	604.366	613.431	622.633	631.972
542	585.285	594.064	602.975	612.020	621.200	630.518	639.976
543	592.714	601.605	610.629	619.788	629.085	638.521	648.099
544	600.255	609.259	618.397	627.673	637.089	646.645	656.345
545	607.909	617.027	626.283	635.677	645.212	654.890	664.714
546	615.677	624.912	634.286	643.800	653.457	663.259	673.208
547	623.562	632.916	642.410	652.046	661.826	671.754	681.830
548	631.566	641.039	650.655	660.415	670.321	680.376	690.581
549	639.689	649.285	659.024	668.909	678.943	689.127	699.464
550	647.935	657.654	667.518	677.531	687.694	698.010	708.480
551	656.304	666.148	676.140	686.283	696.577	707.025	717.631
552	664.798	674.770	684.892	695.165	705.593	716.177	726.919
553	673.420	683.522	693.774	704.181	714.744	725.465	736.347
554	682.172	692.404	702.790	713.332	724.032	734.892	745.916
555	691.054	701.420	711.941	722.620	733.460	744.462	755.628

Launatafla frá 1. janúar 2023 - 30 sept. 2023 með 19 þkr. hækkun

	Grunnlaun	1. ár	3. ár	5. ár	7. ár	9. ár	12. ár
510	416.568	422.817	429.159	435.597	442.130	448.762	455.494
511	421.182	427.500	433.912	440.421	447.027	453.733	460.538
512	425.865	432.253	438.736	445.317	451.997	458.777	465.659
513	430.618	437.077	443.633	450.287	457.042	463.897	470.856
514	435.442	441.973	448.603	455.332	462.162	469.095	476.131
515	440.338	446.944	453.648	460.452	467.359	474.370	481.485
516	445.309	451.988	458.768	465.650	472.634	479.724	486.920
517	450.353	457.108	463.965	470.925	477.988	485.158	492.436
518	455.473	462.306	469.240	476.279	483.423	490.674	498.034
519	460.671	467.581	474.594	481.713	488.939	496.273	503.717
520	465.946	472.935	480.029	487.229	494.538	501.956	509.485
521	471.300	478.369	485.545	492.828	500.220	507.724	515.340
522	476.734	483.885	491.144	498.511	505.988	513.578	521.282
523	482.250	489.484	496.826	504.279	511.843	519.521	527.313
524	487.849	495.167	502.594	510.133	517.785	525.552	533.435
525	493.532	500.935	508.449	516.076	523.817	531.674	539.649
526	499.300	506.789	514.391	522.107	529.939	537.888	545.956
527	505.154	512.732	520.423	528.229	536.152	544.195	552.358
528	511.097	518.763	526.545	534.443	542.459	550.596	558.855
529	517.128	524.885	532.758	540.750	548.861	557.094	565.450
530	523.250	531.099	539.065	547.151	555.358	563.689	572.144
531	529.464	537.406	545.467	553.649	561.954	570.383	578.939
532	535.771	543.807	551.964	560.244	568.647	577.177	585.835
533	542.172	550.305	558.559	566.938	575.442	584.073	592.835
534	548.670	556.900	565.253	573.732	582.338	591.073	599.939
535	555.265	563.594	572.048	580.628	589.338	598.178	607.151
536	561.959	570.388	578.944	587.628	596.443	605.389	614.470
537	568.753	577.285	585.944	594.733	603.654	612.709	621.899
538	575.650	584.284	593.049	601.944	610.973	620.138	629.440
539	582.649	591.389	600.260	609.264	618.403	627.679	637.094
540	589.754	598.600	607.579	616.693	625.943	635.333	644.863
541	596.965	605.920	615.009	624.234	633.597	643.101	652.748
542	604.285	613.349	622.549	631.888	641.366	650.986	660.751
543	611.714	620.890	630.203	639.656	649.251	658.990	668.875
544	619.255	628.544	637.972	647.541	657.254	667.113	677.120
545	626.909	636.312	645.857	655.545	665.378	675.359	685.489
546	634.677	644.197	653.860	663.668	673.623	683.728	693.984
547	642.562	652.201	661.984	671.914	681.992	692.222	702.606
548	650.566	660.324	670.229	680.283	690.487	700.844	711.357
549	658.689	668.570	678.598	688.777	699.109	709.595	720.239
550	666.935	676.939	687.093	697.399	707.860	718.478	729.255
551	675.304	685.433	695.715	706.150	716.743	727.494	738.406
552	683.798	694.055	704.466	715.033	725.759	736.645	747.695
553	692.420	702.807	713.349	724.049	734.910	745.933	757.122
554	701.172	711.689	722.364	733.200	744.198	755.361	766.691
555	710.054	720.705	731.515	742.488	753.626	764.930	776.404

Fylgiskjal III: Sumarliðar

Laun sumarliða raðast með eftirfarandi hætti:

Frá 1. apríl 2020 taka Laun sumarliða raðast með eftirfarandi hætti:

Sumarliði: lfl. 510